



Alþingi
Erindi nr. P 128, 1120
komudagur 19.2.2003

Hólar, 17. febrúar, 2003

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um atferlis og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, 52. mál.

Það ber að fagna því þegar stutt er við rannsóknir í dreifbýli og ekki er að efa að þær muni skila sér vel til fiskeldisfyrirtækja á svæðinu.

Hólaskóli er nú að ganga frá góðri aðstöðu til rannsókna á eldi sjávardýra á Sauðárkróki. Skólinn hefur langa reynslu af rannsóknum í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir víðs vegar um landið. Hólaskóli hefur átt gott samstarf við Náttúrustofu Vestfjarða um kennslu og rannsóknir á sviði fiskeldis og vistfræði. Hólaskóli býður fram aðstoð sína og samstarf um að byggja upp fiskeldisrannsóknir á Vestfjörðum.

virðingarfyllst

Helgi Thorarensen
deildarstjóri fiskeldisdeildar Hólaskóla